

Bekkjarnámskrá 7. bekkur

Grunnskólinn á Ísafirði



Skólaárið 2021-2022

Umsjónarkennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Í 7. bekk í vetur eru 32 nemendur í tveimur bekkjardeildum, 16 í hvorri. Kennt er í stofum 211 og 216. Notaðar eru mismunandi kennsluaðferðir eftir aðstæðum hverju sinni.

Námsmat: Símat, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir meðfylgjandi námsmatskvarða. Framkoma og ástundun eru einnig metin til einkunnar. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á www.mentor.is

★	Framúrskarandi	A
✓	Hæfni náð	B
○	Á góðri leið	C
✗	Hæfni ekki náð	D

Íslenska

6 kennslustundir á viku

Kennari: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Markmið: Að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til íslenskunnar og öðlist færni í að beita henni á fjölbreyttan hátt.

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Íslenskan skiptist í talað mál og framsögn, hlustun, ritun, ljóð, bókmenntir og málfræði. Áhersla er lögð á gagnvirkan lestur. Hinar ýmsu greinar íslenskunnar eru ekki aðskildar, heldur er leitast við að kenna hana sem eina heild. Áhersla verður lögð á framsögn í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina. Undirbúningur fyrir keppnina hefst 16. nóvember á degi íslenskrar tungu og lýkur í mars. Allir nemendur í 7. bekk G. Í. taka þátt í henni.

Námsefni: Málrækt 3, Orðspor 3, Töfraskinna, Annar og Þriðji Smellur, Skrift, Gunnlaugs saga ormstungu og ýmislegt ítarefni frá kennurum. Áhersla er lögð á að nemendur lesi bækur að eigin vali sér til gagns og ánægju.

Námsmat: Prófað í lesskilningi í október og febrúar. Aðrar litlar kannanir inn á milli. Lesfimiþróf verða þrisvar á skólaárinu, september, janúar og maí. Markmið árgangsins er 120 orð á mínútu, að lágmarki, í hraðlestri um vorið.

Stærðfræði

6 kennslustundir á viku

Kennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Markmið: Að nemendur nái þeim tókum á völdum sviðum stærðfræðinnar að hún nýtist þeim í daglegu lífi. Að nemendur kunni og geti notað margvíslegar stærðfræðiaðgerðir með áherslu á tugabrot, almenn brot, rúmfræði, negatífar tölur, prósentureikning og þrautalausnir.

Námsefni: Stika 3a og 3b og ítarefni frá kennurum.

Námsmat: Kannanir eftir hvern námskafla. Vinnubók einnig metin.

Náttúrufræði

3 kennslustundir á viku

Kennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Markmið: Að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd með lífi, náttúru og umhverfi, þekki líkama mannsins og líffærakerfi hans og kynnist sögu vísindanna og þróun hugmynda manna um fyrirbæri alheimsins.

Námsefni: Auðvitað 3 - Heimilið. Maðurinn – hugur og heilsa ásamt vinnubók.

Námsmat: Vinnubækur metnar til einkunnar, og hlutapróf úr Maðurinn hugur og heilsa á haustönn og úr bókinni Auðvitað 3-Heimilið á vorönn.

Samfélagsfræði

3 kennslustundir á viku

Kennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Markmið: Nemendur, þekki flest ríki Evrópu og geti lesið á kort. Að nemendur þekki hvernig ólíkar aðstæður hafa áhrif á atvinnuhætti og líf fólks í ólíkum löndum.

Að nemendur kynnist sögu miðalda, ferðum fólks á fjarlægum slóðum og þær breytingar sem það hafði í för með sér. Einnig kynnst nemendur helstu atburðum Íslandssögunnar frá siðaskiptum og fram á 19. öld og geti borið saman lífnaðarhætti þá og nú.

Námsefni: Evrópa, les- og vinnubók. Trúarbragðafræði – ítarefni frá kennara. Frá Róm til Þingvalla

Námsmat: Vinnubækur og verkefni metin til einkunnar.

Danska

2 kennslustundir á viku

Kennari: Kristín Ólafsdóttir.

Markmið: Að nemendur læri að tala, skilja og skrifa einfaldan texta á dönsku.

Námsefni: Start og Smart lesbók og vinnubók, auk verkefna útbúnum af kennara.

Námsmat: Símat: vinna í tímum, verkefnabækur og önnur verkefnaskil, könnunarpróf.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennari: Bergljót Halldórsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Markmið: Að nemendur læri að tala, skilja og skrifa einfaldan texta á ensku.

Námsefni: Ready for Action lesbók; Action lesbók, vinnubækur A og B og ýmsar lestrarbækur sem fylgja.

Námsmat: Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, verkefnabækur, próf og kannanir.

Lífsleikni

1 kennslustund á viku

Kennarar: Guðný Stefnía Stefánsdóttir og Jón Ólafur Eiríksson

Markmið: Að þjálfar nemendur í mannlegum samskiptum og tillitssemi og efla sjálfsvitund og sjálfstæði þeirra. Að nemendur geti tjáð sig og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum sínum. Að nemendur viti af hættum samfara neyslu vímuefna, hafi jákvætt viðhorf til heilbrigðs lífennis og vinni gegn einelti

Námsefni: Ertu! ásamt öðru efni frá kennurum.

Uppbyggingarstefnan, árshátíð, Stóra upplestrarkeppnin, Skólabúðir að Reykjum o.fl.

Kennslutilhögun: Ýmsar kennsluaðferðir; einstaklingsvinna, umræður, hópavinna og bekkjarfundir.

Íþróttir og sund

3 kennslustundir á viku

Kennarar: Axel Sveinsson og Sigríður Guðjónsdóttir – íþróttir, Árni Heiðar Ívarsson - sund.

Námstilhögun: Árganginum er kennt einu sinni í viku í íþróttahúsinu á Torfnesi, 2 kennslustundir. Í sundi er árganginum kennt í tveimur hópum, 1 kennslustund á viku í Sundhöll Ísafjarðar.

Markmið: Meginmarkmið skólaíþróttar er að örva þroska nemenda, efla afkastagetu þeirra, hreyfifærni og almenna líkamsfærni.

Námsmat: Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er ástundun, framkoma og virkni nemenda metin til einkunnar.

Myndmennt

2 kennslustundir þriðjung vetrar

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Markmið:

- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.
- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,
- fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur,

- greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,
- greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,

Verkefni: Teikning, veggspjald, gagnrýni, myndmál, fjarvídd og þrívídd

Námstilhögun: Kennt er í myndmenntastofu skólans. Árganginum er skipt upp í 3 hópa og er einum hóp kennt í einu.

Námsmat: Markmið metin við lok hverrar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati og sjálfsmati.

Hringekja

Heimilisfræði

Þrjár hópar í hringekju. Hver hópur fær tvö tímabil í hverri grein. Lögð er áhersla á leiðsagnarnám. Útikennsla að hausti og vori.

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Kennslustaður: Heimilisfræðistofa 119.

Námsefni: Kennslubók í heimilisfræði Gott og gagnlegt 3, annað efni frá kennara.

Námsmat: Nemendur fá gefin tákn sem tengjast hæfniviðmiðum. Sjálfsmat nemenda. Lokaeinkunn í formi bókstafs að vori.

Markmið, að nemendur geti:

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.
- tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.
- matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
- skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.

Markmið í útikennslu – að nemandi geti:

- hagnýtt leikni sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

Lykilhæfni: að nemendur geti gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.

Textílmennt

Kennari: Jóhanna Eva Gunnarsdóttir.

Markmið: Að kenna nemendum rétt vinnubrögð og notkun handverkfæra í saumastofu og rifja upp meðferð saumavélarinnar. Að allir geti stillt mismunandi spor, þrætt og spólað. Að nemendur læri ýmis útsaumsspor.

Námstilhögun: 7. bekk er skipt upp í 3 hópa og er einum hóp kennt í einu í.

Verkefnin eru myndarammi úr Country-filti skreyttur með útsaumssporum, svo og náttbuxur eða stuttbuxur. Nöfn nemenda búin til með stensilformum og sett á stuttermaboli. Ef tími gefst sauma nemendur pennaveski/snyrtibuddu.

Námsmat: Símat er á vinnu nemenda og er einkunn gefin að vori.

Hönnun og smíði

Kennslustundir eru 3 á viku, 10 skipti á haustönn og 10-11 skipti á vorönn.

Kennslufyrirkomulag: Hringekja og útikennsla sem tekin er útfyrir hringekju og kennd í tvær vikur að hausti og tvær vikur að vori.

Kennari: Bjarnveig S Jakobsdóttir

Námsefni : Vinnulýsingar frá kennara

Markmið: Að nemendur geti

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.
- Hagnýtt þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Námstilhögun: Verklek kennsla í smíðastofu skólans.

Námsmat: Hæfniviðmið metin eftir hverja lotu, símat og sjálfsmat nemenda. Lokaeinkunn byggist á símati kennara, metnum hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá og sjálfsmati nemenda.

Valfög í hræringi

Boltaval

Markmið: Nemendur öðlist dýpri þekkingu á ýmsum atriðum tengdum helstu

boltaípróttum sem stundaðar eru víða um heim.

Kennslutilhögun: Farið yfir stærstu deildir heims í boltaípróttum. Nemendur vinna verkefni tengd sögu félaga og einstaklinga, tölfræði og fleira.

Kennari: Atli Freyr Rúnarsson

Börn og umhverfi

Markmið: Að nemendur öðlist aukið öryggi í gæslu barna.

Námsþættir: Árangursrík samskipti, umönnun og hollar lífsvenjur,

leiðtogaþæfni, leikir og leikföng, helstu slysaþættur í umhverfi barna og skyndihjálpi.

Kennari: Iwona Maria Samson

FabLab

Markmið: Að nemendur nýti sitt eigið frumkvæði og sköpun og nái tökum á

grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape.

Kennslan fer fram í FabLab smiðju á Torfnesi.

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.

Frjálsar íþróttir

Markmið: Að nemendur fái tækifæri til þess að kynnast frjálsum íþróttum.

Námsþættir: Farið er í grunnatriði í stökkum, hlaupum og líkamsbeitingu. Einnig verður

farið í leiki sem tengjast frjálsum.

Kennari: Árni Heiðar Ívarsson

Ísafjörður á myndum

Markmið: Að nemendur kynnist því hvernig Ísafjörður hefur breyst í gegnum tíðina.

Skoðaðar verða gamlar myndir af húsum og myndefni sem tengist daglegu lífi

bæjarbúa. Kennsluaðferðir: skoðað verður valið myndefni af ýmsu tagi frá Ísafirði og

nágrenni. Námsgögn: Ljósmyndir og kvikmyndir.

Kennari: Gunnlaugur Viðar Valdimarsson

Norræn goðafræði

Markmið: Að nemendur kynnist norrænni goðafræði á skemmtilegan hátt og skapi sér

einhverja þekkingu á því sviði. Námsþættir: Verkefnavinna, verkleg vinna í smíðastofu með ýmsum efnivið, spil.

Kennari: Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Tálgun og útskurður

Markmið: Að nemendur kynnist og læri að nota tálgunarhnífa og útskurðajárn. Læri tækni við tálgun og útskurð.

Námsþættir: Táлгаðir nytjahlutir og útskurður.

Kennari: Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Listbræðingur – stuttmyndagerð

Markmið: Nemendur hafi vettvang og rými til sköpunar og geti valið sig í hópá eftir áhugasviði og unnið saman í hópum. Að þjálfá samvinnu og sjálfstæða vinnu og auka ábyrgð nemenda í eigin námi og læra að skipuleggja vinnu sína.

Námsþættir: Handritagerð, upptaka, tæknivinna, búninga og leikmyndagerð. Horfum á nokkrar stuttmyndir eftir börn. Farið verður í leiki og unnið markvisst að því að þjálfá samvinnu. Nemendur sýna stuttmynd í lok tímabils.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Bjarnveig S. Jakobsdóttir, Elín Sveinsdóttir

Matur og menning frá ýmsum löndum

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttri matarmenningu.

Námsþættir: Matreiðsla, bakstur, landafræði, samfélag, matarmenning.

Nemendur setja saman matreiðslubók sem inniheldur uppskriftir og fróðleik frá tímabilinu.

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Nýsköpun

Markmið: Að efla sköpunarkraft og virkja hugmyndaflugið

Námsþættir: Allir geta fundið eitthvað sem má bæta eða breyta. Unnið verður með fjölbreyttum aðferðum í hugmyndavinnu þar sem leitað er að nýjum aðferðum, útfærslum eða vöru. Nemendur finna hugmynd fyrir nýsköpunarkeppni grunnskólana og fylla út umsókn(val um að senda inn umsókn)

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Nærumhverfi

Markmið: Að þekkja nærumhverfi sitt og njóta þess

Námsþættir: Njóta þess að vera úti og að hafa eitthvað fyrir stafni. Farið verður í vettvangsferðir t.d. í fjöru, Jónsgarð, Stóruð og Suðurtanga. Þegar nemendur hafa lært um nærumhverfið verður ratleikur um svæðið.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Stuttmyndagerð

Markmið stuttmyndagerðar er að nemendur skapi sér trúverðugar persónur og skrifi handrit með upphafi, miðju og endi. Nemendur koma til með að notast við tölvu til þess að skrifa saman handrit í litlum hópum, þegar handritið er tilbúið notast nemendur síðan við iPad og forritið iMovie. Þegar stuttmyndirnar eru tilbúnar er staðan metin og tekin ákvörðun um það hvort að hún sé sýnd bekkjarfélögum eða kennurum.

Kennari: Elín Sveinsdóttir

Samskipti heimila og skóla

Kennarar bekkjarins eru ekki með fasta símatíma en hægt er að skilja eftir skilaboð hjá ritara.

Auk þess geta foreldrar sent kennurum tölvupóst á eftirfarandi netföng:

Guðný Stefanía Stefánsdóttir gudnyst@isafjordur.is

Jón Ólafur Eiríksson jone@isafjordur.is

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann og eru hvattir til að taka þátt í námi barnsins.

Foreldradagar eru auglýstir á skóladagatali og verða áréttaðir í vikuáætlunum og á heimasíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>.